

## Sælingsdalslaug apríl

Opnunartímar Sælingsdalslaugar í apríl eru á

þriðjudögum	kl. 15:30 - 20:00
miðvikudögum	kl. 18:00 - 21:45
fimmtudögum	kl. 15:30 - 18:30

Opið verður á skírdag 2. apríl kl. 12-16. Aðrar opnanir yfir páskahátíðina verða þær auglýstar sérstaklega á [www.ungmennabudir.is](http://www.ungmennabudir.is) og facebooksíðu Ungmenna- og tómstundabúðanna.

Laugardaginn 18. apríl verður opið kl. 12-17.

## Jörfagleði 2015

Hafinn er undirbúningur að Jörfagleði 2015, en hátíðin mun fara fram dagana 23. - 26. apríl n.k.

Staðarhaldarar í Leifsbúð hafa tekið að sér að halda utanum dagskrána.

Dalamenn eru hvattir til að taka virkan þátt í hátíðinni. Tekið er við hugmyndum og góðum ráðum á netfanginu [leifsbud@dalir.is](mailto:leifsbud@dalir.is) eða í síma 845 2477 (Vala)

## Héraðsbókasafn Dalasýslu

Árgjald héraðsbókasafns fyrir árið 2015 verður óbreytt frá fyrra ári, það er 1.000 kr. Eindagi árgjaldsins er 1. apríl.

Hægt er að greiða árgjaldið inn á reikning 0312-26-001818, kt. 510694-2019 (æskilegt er að merkja greiðsluna bókasafninu). Ef greitt er fyrir annan er mikilvægt að merkja greiðsluna viðkomandi. Eftir eindaga verða greiðsluseðlar sendir út að viðbættum kostnaði.

Opnunartímar eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Netfangið er [bokasafn@dalir.is](mailto:bokasafn@dalir.is) og síminn 430 4720.



# DALAPÓSTURINN

4. tölublað, 8. árgangur  
24. mars 2015

## Sjálfböðavinnuverkefni

Reglur um sjálfböðavinnuverkefni og umsóknareyðublöð eru á vef Dalabyggðar. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2015. Byggðarráð afgreiðir umsóknir.

Almenn skilyrði fyrir úthlutun framlaga eru að umsækjandi eigi lögheimili í Dalabyggð, sé ekki í vanskilum við sveitarfélagið og að umsókninni fylgi lýsing á verkefni og kostnaðaráætlun.

Forsvarsmáður verkefnis skal hafa samráð við verkstjóra Dalabyggðar um framkvæmd verkefnisins.

Skilyrði fyrir greiðslum er að verkefnið sé unnið í samræmi við umsókn, greiðslur verða aldrei hærrí en framlögð áætlun og að greiðslur renna að jafnaði til þeirra aðila sem gefa út reikninga vegna vöru- eða þjónustukaupa.

Íbúar eru hvattir til að nýta sér þetta til að hrinda í framkvæmd brýnum umhverfisverkefnum í næsta nágrenni sínu.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Hundahald í Búðardal

Hundahald í Búðardal sætir nokkrum takmörkunum samanber samþykkt um hundahald í Dalabyggð nr. 26/2003 og gjaldskrá fyrir hundahald í Dalabyggð frá 16. desember 2014.

Eigendum hunda í Búðardal er skylt að skrá hunda sína og greiða 7.000 kr. skráningargjald. Í því er innifalin örmerking, skráning, merking, ábyrgðartrygging og hundahreinsun. Eftir það er innheimt 5.000 kr árgjald fyrir hvern skráðan hund. Í árlegu gjaldi er innifalin ábyrgðartrygging og hundahreinsun.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Hafi leyfi ekki verið greitt á eindaga fellur það úr gildi. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Við afskráningu dýrs ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við, í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um, að hundar raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skylt er leyfishafa að fjarlægja saur eftir hundinn. Þá er þeim skylt að láta hreinsa hunda sína einu sinni á ári.

Hundar sem ganga lausir á almannafæri verða handsamaðir. Við afhendingu handsamaðs dýrs skal innheimta gjald. Við fyrstu afhendingu 7.500 kr, við aðra afhendingu (innan tveggja mánaða) 12.000 kr og við þriðju afhendingu (innan tveggja mánaða) 22.500 kr. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Óskráð dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar. Við ítrekað brot skal hundinum lógað.

## Þjóðaráttak um söfnun skjala kvenna

Í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna efna héraðsskjalasöfn, Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn - Háskólabókasafn til þjóðaráttaks um söfnun og varðveislu á skjölum kvenna. Eru landsmenn hvattir til að afhenda þau á skjalasöfn til varðveislu.

Skjöl kvenna hafa almennt skilað sér verr inn á söfnin en skjöl karla, en eru ekki síður mikilvæg til að varpa ljósi á sögu og líf einstaklinga, fjölskyldna, nærsamfélagsins og þjóðarinnar.

Um er að ræða bréf, dagbækur, handskrifaðar matreiðslubækur, póstkort, teikningar, ljósmyndir, kvæði, smásögur og önnur persónuleg gögn úr eigu kvenna.

Héraðsskjalasafn Dalasýslu er aðili að áttakinu. Safnið tekur við skjölum og öðrum gögnum tengdum konum í Döllum. Einnig er veitt ráðgjöf og aðstoð varðandi frágang og skil á gögnum sem betur eiga heima á öðrum skjalasögnum.

Lítið er um skjöl kvenna á Héraðsskjalasafni Dalasýslu og ekkert heilstætt safn. Mest er um að ræða einstaka bréf og skjöl sem slæðst hafa inn með öðrum skjalasögnum. Mikill fengur væri því að frekari gögnum varðandi líf og starf kvenna á svæðinu.

Á safninu eru varðveitt gögn frá Kvenfélagi Saurbæjarhrepps, Kvenfélaginu Fjólu og Sambandi breiðfirzkra kvenna. Ekki er síður mikilvægt að koma gögnum kvenfélaga og annarra félaga kvenna til varðveislu.

Héraðsskjalasafn Dalasýslu er opið eftir samkomulagi við héraðsskjalavörð. Netfangið er safnamal@dalir.is og síminn 430 4700.